



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Laugasól

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Leiðarljós leikskólans.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	4
2.1 Innra mat.....	4
2.2 Ytra mat.....	5
2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	5
2.4 Innra mat Draumalækur.....	9
2.5 Innra mat Sunnulækur.....	10
2.6 Innra mat Mánalækur.....	12
2.7 Innra mat Ljúfilækur.....	14
2.8 Innra mat Undralækur.....	19
2.9 Innra mat Fagrilækur.....	21
2.10 Innra mat Vinalækur.....	23
2.11 Töfralækur greinargerð – Sköpun og Umhverfismennt í efra húsi.....	25
2.12 Einingakubbar greinargerð – kubbastundir í neðra húsi.....	26
3 Innra mat sérkennslu.....	30
3.1 Innra mat – fjöltyngd börn.....	34
4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	36
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	38
6 Foreldrasamvinna.....	39
7 Fylgigögn.....	40
7.1 Umsögn foreldraráðs.....	40



Leiðarljós leikskólans



1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðastliðinn skólavetur byrjaði með látum þar sem innvistar viðgerðir Laugasólar voru enn í fullum gangi þegar leikskólinn opnaði eftir sumarleyfi. Það voru framkvæmdir í efra húsinu, elstu börnin fluttu sig í Kringluna og var þar tekið með kostum og kynjum. Önnur börn fluttu hérna í neðra húsið og börn og starfsfólk tók þrengslum og hávaða með stóískri ró.

Aðlögun nýrra nemenda hafði verið breytt í samráði við starfsfólk og tók lengri tíma sem hentaði bæði nemendum og starfsfólkinu vel. Nýju nemendurnir komu rólega inn í þessa nýju veröld og allir náðu góðum takti. Einnig var aðlögun milli húsa róuð niður, nemendur og foreldrar fengu góðan aðlögunartíma til að kynna nýjum starfsmönnum og nýju húsnæði.

Innvistar viðgerðir héldu áfram í neðra húsinu og stóðu yfir með hléum þetta skólaár.

Þrátt fyrir allt héldu starfsmenn og stjórnendur í fagmennskuna og voru í skemmtilegum og krefjandi verkefnum t.d. með Unicef með það að leiðarljósi að verða réttindaskóli Unicef. Þetta verkefni heldur áfram á nýju skólaári. Tveir starfsmenn fóru til Stokkhólms að vori til að kynna sér leikskóla og hvernig starfsmenn þar nálgast leik barnanna. Í framhaldi af þeirri ferð var ákveðið að fara í námsferð vorið 2023 og allir starfsmenn fengu kynningu á þessari starfsaðferð. Einnig var lögð áhersla á læsi og einn starfsmaður tók að sér að miðla þekkingu til starfsmanna, gaf þeim góð verkfæri til að efla læsi í víðum skilningi.

Regnbogavottuninni var vel við haldið og starfsmenn voru duglegir að miðla til barnanna fróðleik og upplýsa þau um mikilvægi fjölbreytileikans. Það er leiðarljós leikskólans að viðhalda vottuninni með áframhaldandi fræðslu.

Stjórnendaskipti urðu hér á Laugasól 1. maí. Þá fór þáverandi leikskólastjóri í leyfi og aðstoðarleikskólastjóri tók við stjórnunarstöðunni. Deildarstjóri frá einni deildinni tók að sér að vera aðstoðarleikskólastjóri.

Næsta skólaár mun hafa nýjar áskoranir í för með sér. Ákveðið hefur verið að flytja efra húsið í Safamýrina meðan stórfamkvæmdir fara í gang á efra húsinu. Þetta veltur á því að útboði í verkið verði tekið. Engin ákvörðun hefur enn verið tekin með neðra húsið. Hugmyndin er að gera bæði húsin að nútíma vinnustöðum.

Það sem mun lýsa okkur leið á komandi starfsári er meðal annars áframhaldandi vinna með Unicef, þátttaka í Erasmus verkefni með leikskólum frá Stokkhólmi, óteljandi áskoranir í húsnæðismálum, styrkja samvinnu stjórnenda og annarra starfsmanna og viðhalda þeirri fagmennsku sem hér ríkir á Laugasól.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Í vetur var ákveðið að meta þá þætti sem snúa að þeim verkefnum sem skólinn er að vinna með. Unicef verkefni og innleiðing barnasáttmálans og verkefni um læsi. Þættirnir sem metið var á starfsdögum með öllum starfshópnum voru sjálfsefning barnanna, útivera og læsi.


2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sjálfsefning	Á starfsdegi og greinagerð að vori frá deildum	Allir starfsmenn	Vinna með Barnasáttmálann mikil á öllum deildum og smitast út í allt starf. Efla hugmyndakassa á öllum deildum, samræma og læra af hvort öðru.
Útivera	Á starfsdegi og greinagerð að vori frá deildum	Allir starfsmenn	Útiveran skemmtilegri, meira um að vera, börnin hafa meira að segja um lengd útiverunnar og verkefna sem boðið er upp á. Það má enn bæta þátttöku starfsmanna og nýta garðinn betur.
Læsi	Á starfsdegi	Allir starfsmenn	Inn og útskráningar á öllum deildum – myndrænt og ritmál. Ritmálið var gert sýnilegt og áhersla á að setja orð á allar athafnir. Börn eru hvött til að æfa sig í ritmáli, skrifa bækur og fleira. Mikið unnið með læsi í viðum skilning – t.d. umhverfislæsi. Mætti samræma betur ritmál og notkun þess. Stærð og fleira. Hafa ritmál sýnilegt alstaðar.
Regnbogavottun	Á starfsdegi	Allir starfsmenn.	Fjölbreytileikinn sýnilegri á öllum deildum (myndir, fánar og fleira), vandað til bókavals og lestur sagna. Umræðan mun meiri um mikilvægi fjölbreytileikans. Efla bókakost í nafni fjölbreytileikans, viðhalda umræðunni og bæta kynningu



2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sjá súlurit að neðan	Spurningalisti sendur til starfsmanna	Starfsmenn Laugasólar	Sjá súlurit. Borið saman við niðurstöður Skóla – og frístundarsviðs og leikskóla í borginni.



2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Það er mikið áhyggjuefni að leikskólinn sé að koma verr út í því sem snýr að vinnuskilyrðum. Veturinn einkenndist talsvert af veikindum, vöntun á starfsfólki og einnig miklum innvistarvanda. Samt sem áður er leikskólinn að koma vel út í ánægju starfsmanna og stolti, því ber að fagna. Mikilvægt er að huga vel að starfsmannahópnum í Laugasól. Þó að veturinn einkenndist af veikindum og mannekle var ekkert gefið eftir í fagmennsku og er það vegna þess hversu góður starfshópur starfar hér í Laugasól. Fram undan er mikil óvissa þegar kemur að vinnuskilyrðum og vinnustað. Það er því afar mikilvægt að efla starfshópinn en frekar bæði faglega en ekki síður félagslega. Með því að vinna að þeim verkefnum sem við erum með hér í leikskólanum er verið að halda fagmennskunni uppi og styður afskaplega mikið við áframhaldandi faglegt starf í skólanum. Mikilvægt er að efla stjórnendur skólans enn frekar sem faglega leiðtoga í starfinu og ekki síst að halda vel utan um starfshópinn í leikskólanum. Vinnustaðarmenningin á leikskólanum er afar góð og erum við mjög stolt af því. Það er því mikilvægt að passa vel upp á að halda því áfram og jafnvel bæta í. Því það hefur sannarlega

sýnt sig síðustu ár hversu mikilvægt er að hafa góðan starfshóp og starfsanda á þessum óvissutímum sem við höfum verið í síðustu ár og óvissu með framtíðar húsnæði.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
	Styrkja stjórnendur enn frekar sem faglega leiðtoga.	Með fræðslu, stjórnendafundurir sem eru fagfundir..	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.	Haut 2023	Vor 2024	Vor 2024 Starfsmannakönnun Einnig fá stöðumat frá stjórnendum að vori.	Betri og ákveðnari stjórnendur.
	Efla en frekar samstarf og stuðning við hvort annað í starfi.	Samvinna – sameiginlegur undirbúningur deildarstjóra 1 sinni í viku	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Deildastjórar	Haut 2023	Vor 2024	Stöðumat frá stjórnendum um hvernig gekk og hvernig undirbúningur nýttist saman.	Meira samstarf og sjálfráttur sem faglegir leiðtogar. Aukin stuðningur við hvort annað sem stuðlar að bættri starfslíðan
Uppeldis- og menntastarf							
	Efla barnasáttmálan og vinnu með greinarnar í starfinu.	Samræma milli deilda og nýta reynslu síðasta árs. Nota verkefnahefti frá Unicef í vinnu með börnunum.	Stjórnendur og allir starfsmenn skólans.	Haut 2023	Vor 2024	Stöðumat frá deildum í upphafi árs og um vor.	Aukin þekking barna á sáttmálanum og aukin þátttaka barnanna í starfi leikskólans.
	Stefna að meiri þátttöku kennara í leik barnanna (erasmus + verkefni)	Vinna í teymisvinnu með skóla í Svíþjóð. Koma af stað leikstundum. Innleiða á allar deildir þessa vinnu.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt tengiliðum verkefnisins.	Haut 2023	Vor 2024	Stöðumat og skráningar í tengslum við verkefnið.	Að starfsmenn séu þátttakendur í leik barnanna. Aukin gleði í kringum leikinn sem er okkar aðal námsleið.



Mannauður/ Leikskólabragur							
	Efla starfsanda enn meira	Nýta starfsdaga meðal annars í hópefli og vinna með skemmtinefnd að verkefnum og atburðum.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt skemmtinefnd.	Haus t 2023	Vor 2024	Starfskönnun Starfsmannasamtöl að vori.	Góður starfsandi og öflugur starfshópur.
	Auka samskipti og nýta styrkleika hvers og eins meira í starfinu. Ýta undir opnari samskipti.	Setja upp hugmyndakassa fyrir starfsfólk – (hugmyndir af verkefnum). Hafa vinadeildir – 1 eldri deild og 1 yngri deild – samvinna.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum.	Haus t 2023	Vor 2024	Starfssamtöl að vori. Fá mat frá deildum um samstarfið. Skoðanakönnun Nýting á hugmyndakassanum, var hann notaður?	Aukin samvinna. Sjálföruggt starfsfólk. Starfsfólk virkara í uppsetningu verkefna. Glatt og áhugasamt starfsfólk.
Innra mat							
	Leikurinn – erasmus + verkefnið.	Að kennarar séu meiri þátttakendur í leik í starfinu með börnunum.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum.	Haus t 2023	Haus t 2024	Meta á starfsdegi að hausti og vori inn á deildum.	Betri leikur og meiri þátttaka starfsmanna. Meiri þekking á leik sem námsleið.
	Unicef og Barnasáttmálinn.	Bætt skráning í útiverunni. Meiri vinna með verkefnahefti frá Unicef. Meiri samþætting á milli deilda.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum.	Haus t 2023	Vor 2024	Meta á starfsdegi að hausti og vori inn á deildum.	Meiri skráning. Aukin þekking barnanna á barnasáttmálanum. En meiri sjálfsefning barna í Laugasól.
	Samvinna og samskipti milli deilda og húsa.	Finna fleiri leiðir til samvinnu.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum.	Haus t 2023	Vor 2024	Meta á starfsdegi að hausti og vori inn á deildum.	Bætt samvinna. Þéttari starfshópur.



		Auka samvinnu milli neðra og efra húss. Nýta þekkingu og mannauð á milli deilda, læra af hvort öðru.					Meiri nýting á þekkingu á milli deilda og húsa.
--	--	--	--	--	--	--	---

2.4 Innra mat Draumalækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2022-2023

Útivera

Hefur að mestu gengið vel þar sem börnin eru ótrúlega dugleg að leika sér sjálf í sjálfsprottum leik. Kennarar hafa líka verið duglegir að vera með þeim þegar á þarf að halda. Kennarar hreyfa sig um garðinn og eru til staðar fyrir börnin ef á þarf að halda og grípa inn í aðstæður.

Unicef

Við höfum alltaf unnið að sjálfsefingu barnanna, að þau standi með sjálfu sér og að þau hafi rétt á sínum skoðunum en þurfum líka að taka tillit til annarra. Höfum bent þeim frekar á hvað þau megi gera í stað þess að segja þeim „ekki gera þetta“. Hvetjum þau til að leysa ágreining sjálf með því að nota opnar spurningar eins og, hvað getur þú gert? Þau eru hvött áfram að reyna sjálf áður en þau fá hjálp, nota orðin sín og vera vinaleg hvort við annað. Tökum oft umræðu um hvað er að vera vinalegur og hvað við getum gert til að vera vinaleg. Hrósum þeim þegar það á við.

Matartíminn

Hefur gengið vel, sértaklega með eldri börnin. Þau er orðin mjög sjálfstæð þar og mörg farin að geta mikið sjálf. Þau eru farin að fá sér sjálf, rétta hvort öðru matinn, skera matinn og smyrja sjálf. Allir geta gert eitthvað hvort sem það er að fá sér meðlæti eða skera matinn. Eða eins og orðatiltækið, segir æfingin skapar meistarann.

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Útivera	Að bæta skráningar varðandi útiveruna ca.2X í viku á þriðjudögum og fimmtudögum	Með því að minna hvert annað á að skrá eftir útiveruna og jafnvel að taka eitt barn með í skráninguna vikulega hvernig þeim fannst útiveran ganga.	Allir á deildinni en deildarstjóri heldur utan um.	Ágúst 2023	Ágúst 2024	Með því að skrá í útiverubókina og að taka ljósmyndir. Rætt á deildarfundum.	Með því að skoða myndirnar og bækurnar og sjá hvort skráning/myndir hafi aukist.
Unicef	Að börnin noti orðin sín til að leysa ágreining sín á milli. Taki tillit til hvort annars og að þau hafa áhrif	Með samræðum við börnin, hrósi og hvatningu.	Allir á deildinni en deildarstjóri heldur utan um.	Allt skólaárið	Allt skólaárið	Með því að horfa á samskipti barnanna, taka myndir	Með því að börnin eigi falleg samskipti sín á milli, noti orðin sín til að leysa ágreining
Matartíminn	Efla þau í að gera sjálf	Með því að leyfa þeim að gera sjálf, skammta sér sjálf og nota hnífapör	Allir á deildinni en deildarstjóri heldur utan um.	Allt skólaárið	Allt skólaárið	Taka myndir, fylgjast með þeim og sjá framfarir hjá þeim	Séu orðin sjálfbjarga við matarborðið hvort sem er að ganga frá eftir sig eða skera kjötið.

2.5 Innra mat Sunnulækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2022-2023

Í vetur höfum við verið að einbeita okkur að því að efla sjálfseflingu barnahópsins í hinum ýmsu aðstæðum í anda UNICEF, þar sem einblínt er á að efla börnin í samræmi við þroska



þeirra og þarfir. Lagt var upp með að auka sjálfseflingu barnanna í útiveru og í matartímanum. Við ákváðum að reyna að einbeita okkur að því að auka gæði útiverunnar með daglegum skráningum um hvernig gengið hefði úti þann dag en það verður að játast að skráningarnar hafa gengið afar illa þrátt fyrir fögur fyrirheit um annað. Útiveran sjálf gengur hins vegar vel. Börnin njóta þess að vera í frjálsum leik úti og kjósa yfirleitt alltaf öll að fá að fara út þegar þeim er boðið valið, sem við reynum að gera eins oft og mögulegt er. Börnin blandast vel í útiverunni og við sjáum vináttur og samleik myndast þvert á deildir úti, eitthvað sem ekki er sama tækifæri á þegar við erum inni við.

Í matartímanum ákváðum við að byrja að leyfa börnunum að skammta sér mat á diskana sjálf. Eldri börnin sjá um að skammta sér allt en þau yngri fá sér sjálf meðlæti, t.d. grænmeti og sósu. Þetta hefur vakið mikla lukku innan barnahópsins og þau hafa verið fljót að læra inn á þetta og skammta sér langflest af skynsemi. Einnig höfum við tekið upp flæði í kaffitímanum sem við tókum fyrst upp vegna viðgerða á húsnæði en hefur svo fest sig í sessi. Margir áttu erfitt til að byrja með þessa breytingu og gátu ómögulega beðið eftir að sæti losnaði fyrir sig og eins fannst öðrum erfitt að stíga út úr leiknum og gefa sér tíma til þess að setjast niður til borðs. Við sjáum til hvernig þetta mun þróast hjá okkur.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Unicef	Að hverju er stefnt? Að börnin spreyti sig sjálf í fataklefanum og við matarborðið og fái að láta reyna svolítið á sig	Hvernig framkvæmum við það? Gefa börnunum tíma til að spreyta sig sjálf í hinum ýmsu aðstæðum, til dæmis við að klæða sig sjálf fyrir útiveru en grípa ekki of fljótt inn í og hjálpa	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Deildarstjóri ber ábyrgð og allir starfsmenn framkvæma	Haust 2022	Vor 2024	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Ræðum á deildarfundum og metum árangur	Að börnin finni að þau séu getumikil og hæf í hinum ýmsu aðstæðum



		þeim. Láta þau skammta sér sjálf við matarborðið.					
útivera	Auðga útiveruna og gera hana að jákvæðri upplifun fyrir öll börn. Leyfa börnunum að hafa eitthvað um það að segja hvað sé gert úti	Höldum fundi með börnunum þar sem þau fá að tjá sig um útiveruna og koma með eigin hugmyndir	Deildarstjóri og allir starfsmenn	Haust 2022	Vor 2024	Ræða á deildarfundum hvernig útivist gangi, hlera börnin og vera meðvitaður um hvernig útiveran gengur dagsdaglega	Auka gæði útiveru og tryggja að börnin hafi næg verkefni úti. Þau hafi líka stundum val um hvort þau fari út.
matartími	Að börnin þjálfist í sjálfshjálpi við matarborðið, geti skammtað sér sjálf á diskinn og hellt vatni í glas.	Gefa þeim tíma til að skammta sér sjálf og smyrja. Flyta sér hægt við matarborðið	Deildarstjóri og allir starfsmenn	Vor 2023	Vor 2024	Taka samtalið á deildarfundum	Börnin læri sitt magamál og þjálfist í umgengni við mat, geti beitt hnifapörum sjálf

2.6 Innra mat Mánalækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2022-2023

Unicef: Erum að taka skrefin í átt að því að verða réttindaskóli Unicef. Það hefur gengið þokkalega en mætti ganga betur. Spjallið er tekið reglulega. Heilmikil tækifæri til úrbóta. Unnið er að því að sjálfs efla börnin þannig að þau hafi tækifæri til að reyna á eigin getu, prófa sig áfram og ekki hvað síst öðlist trú á eigin getu. Á sama tíma og þau eru hvött til að gera sjálf þá er einnig mikilvægur þáttur að geta og kunna að biðja um hjálp og þá ekki með orðunum „ég get ekki“ heldur t.d. „viltu hjálpa mér“, eða „mig vantar hjálp“ Mjög mikil sjálfsefling felst í því að geta / kunna að biðja um hjálp.

Útivera: Í upphafi hausts var ákveðið að rýna vel í útiveru barnanna með tilliti til barnasáttmálans. Garðurinn í heild sinni er með mjög litlar áskoranir fyrir börnin sérstaklega þegar börnin taka að eldast þegar líða tekur á skólaárið. Ríkisútivera er að morgni vegna þess



að hjarta okkar og reynsla segir að það henti yngstu börnunum best. Eftir hvíld er það val barnanna hvort þau fari út. Fara jafnvel út, koma inn og jafnvel aftur út. Áhugi barnanna er eltur. Gönguferðir eru einu sinni í viku með elsta árganginn.

Matartíminn: Börnin hafa hnífa og þau skammta sér sjálf í hádeginu, hella ekki sjálf í glösin enda þarf ekki að prufa allt eða gera allt á fyrstu tveimur og hálfu ári lífsins. Í október byrjuðum við að hafa flæðandi kaffitíma. Það krafðist þolinmæði og mikils innra jafnvægis starfsfólks. Það tók börnin nokkrar vikur eða eiginlega mánuði að átta sig á þessu nýja fyrirkomulagi, erfitt að bíða. Það er enn örlítið á huldu hver séu umfram gæðin við þetta fyrirkomulag versus gamla fyrirkomulagið.

Tækifæri til umbóta

Umbótaþáttur í starfsáætlun næsta árs er að kynna okkur markvissara greinar barnasáttmálans, auka fjölbreytni í útiveru og missa ekki dampinn varðandi matartímana.

Vangavelta varðandi t.d. matartímana. Með því að hvetja þau t.d. til þess að skammta sér sjálf þá eðlilega tekur allt lengri tíma. Allt í góðu þó að það taki lengri tíma en engu að síður þá eru þetta ung börn sem eru að læra á lífið og efla þolinmæði og takmörk fyrir því hversu miklar kröfur er hægt að gera varðandi þolinmæði og bið. Aðbúnaður þarf að vera í topplagi og notendavænn fyrir þau yngstu og svo hugsanlega eru bara of mörg börn á deildinni eða ekkert hugsanlega þau eru of mörg miðað við rými og kröfur.

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Unicef	Þekkja greinar barnasáttmálans og hvað býr að baki hverri og einni.	Vinum með verkefnabókina varðandi barnasáttmála Unicef.	Deildarstjóri og allir framkvæmama	Upphaf næsta skólaárs	Lýkur vonandi aldrei	Skráningar, skriflegar og mynda. Gefið rými til umræðu á deildarfundum.	Að börnin eflist og sýni verkefnum úr verkefnabókin ni áhuga, jafnt í framkvæmd og eftir á. Ná börnin að temja sér að biðja um hjálp



							ekki segja „ég get ekki“
Matartíminn	Taki þátt í frágangi eftir matar og kaffitíma.	Gerum aðgengilegt fyrir þau að ganga sjálf frá	Allt starfsfólk deildarinnar	Hefst um miðjan Júní '23	Vonandi aldrei	Ljósmyndir, skriflegar skráningar og umræða við börnin, broskarlar fyrir yngstu.	Temja börnin sér jákvætt viðhorf til frágangs. Tala þau um fráganginn sem part af eigin sjálfsefingu, er stolt í röddinni.
Útivera	Auka fjölbreytni á efnivið í útiveru. Setja inn gönguferðir fyrir yngri árganginn.	Vera t.d. með sull ker út úti, færa duplokubba út, dúkkukrók	Allt starfsfólk deildarinnar	Í næstu viku	Upphaf næsta vetrar.	Ljósmyndir, skriflegar skráningar.	Njóta börnin sín útiveru, umræður og skoðum myndir saman.

2.7 Innra mat Ljúfilækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2022-2023

Unicef

Í vetur hefur megin markmiðið verið valdefling barnahópsina; að ýta undir sjálfstæði þeirra, að þau þrói með sér aukið sjálfstraust, hæfni og sjálfsbjörg. Markmiðið var að börnin hefðu ákveðin hlutverk og að þau upplifi að það sem þau hafi fram á að færa skipti máli ásamt því að þau upplifi að þau geti raunverulega haft áhrif.

Í starfinu með börnunum hefur ávallt verið lögð rík áhersla á umræðu og virka hlustun, hvort heldur sem er í samveru eða dags daglegu starfi. Börnunum gefst með því tækifæri til þess að koma sjónarhornum sínum, upplifunum, reynslu og skoðunum sínum á framfæri. Í starfinu er einnig mikilvægt að börnin hafi val; það að velja hvar, við hvern og með hvaða efnivið þau leika. Auk þess höfum við lagt ríka áherslu á að efniviður sér í hæð barnanna og sé þeim

aðgengilegur. Það sé hlutverk starfsmanna að skipuleggja námsumhverfið með börnunum svo það sé aðlaðandi og náms hvetjandi.

Helstu umbæturnar þennan veturinn hafa verið þær að settur var upp hugmyndakassi og póstkassi þar sem börnin geta komið með bréf/fréttir að heiman eða hugmyndir sem þau vilja koma á framfæri. Foreldrar hafa verið hvattir til þess að taka virkan þátt í þessu með börnunum sínum.

Almennt í starfi og við mat á starfinu höfum við lagt ríka áherslu á markvissa ígrundun og samtal milli starfsmanna, á deildarfundum og dags daglega í starfi. Megin áhersla hefur verið á að rýna í hvernig tekist hefur, hvort ástæða sé til frekari breytinga og hvernig skuli staðið að þeim. Þróunarverkefnið í tengslum við UNICEF hefur einnig verið rætt á starfsdögum þar sem markvisst hefur verið rýnt í hvað hefur verið gert og hvað megi betur fara. Við matið hefur verið stuðst við þær áherslur og þau markmið sem lýst hefur verið hér að ofan, t.d. að börnin fái rými til að koma sjónarhornum sínum á framfæri og að þau fái að hafa áhrif. Það að börnin séu virkir þátttakendur og upplifi að þau og það sem þau hafi fram að færa skipti máli. Einnig er lögð áhersla á hlutverkum og þátttöku starfsmanna auk þeirra gilda sem endurspeglast starfshátta þeirra. Segja má að starfshættirnir séu í sífelldri þróun og endurskoðun og ef þörf er á breytingum eru þær gerðar og síðan í framhaldinu endurmetnar.

Útivera

Rauði þráðurinn í starfinu þennan veturinn hefur verið valdefling barnahópsins. Í útiveru felast margvísleg tækifæri til valdeflingar þar sem börnin fá tækifæri til þess að auka hæfni sína, sjálfsbjörg ásamt því að auka betri trú á eigin getu. Í vetur hefur megin áherslan varðandi útiveruna verið tvískipt, annars vegar lýtur það að valdeflingu barnanna og hins vegar að hlutverki starfsmanna.

Í starfi með börnunum hefur verið rík áhersla lögð á börnin séu betur meðvituð um eigin þarfir og geri sér betur grein fyrir hvaða fatnaður henti þeim hverju sinni. Í ávaxtastund hafa umsjónarmenn oft farið yfir veðrið með börnunum og finna út hverju skuli klæðast, sbr. regnföt, kuldagalli, úlpa. Að svo sögðu þá hafa foreldrar verið hvattir til þess að vera með fjölbreytt val útifatnaðar svo að börnin geti sjálf valið milli fatnaðar, t.d. verið með tvær gerðir af peysum o.þ.h. Með því upplifa börnin að þau hafi val þó svo það sé innan ákveðins ramma.



Börnin eru þá almennt jákvæðari fyrir því að klæða sig í útifötin og útiverunni sjálfri. Einnig hefur verið börnunum verið gefið aukið rými til þess að klæða sig, þ.e. færri börn í fataklefanum í einu og þeim iðurlega gefinn meiri tími til að klæða sig sjálf.

Varðandi hlutverk starfsmanna þá var markmið vetrarins að virkja starfsmenn í útiverunni með börnunum, rýna í eigin starfshætti og leita leiða til að bæta þá. Hlutverk starfsmanna er að skapa börnunum náms hvetjandi umhverfi og að þeir séu virkari þátttakendur í leik barnanna. Markvisst hefur verið rætt um hlutverk starfsmanna í útiverunni en útbúinn var hugmyndabanki að leikjum og leiki sem hægt væri að fara í með börnunum í útiverunni. Þar að auki hafa verið skipulagðar ferðir tvisvar í viku út frá áhuga og hugmyndum barnanna. Ferðirnar eru ýmist farnar í nærumhverfinu eða lengri ferðir með rútu. Ferðirnar eru með skýr markmið og eru vel skipulagðar – þó ávallt með svigrúm fyrir að geta gripið tækifæri sem upp koma, sbr. ormaskoðun í rigningu o.þ.h.

Matið á starfinu fór fram í gegnum markvissa ígrundun og samtal milli starfsmanna á deildarfundum og dags daglega í starfi. Megin markmiðið er að rýna í hvernig tekist hefur og hvort ástæða sé til frekari breytinga og hvernig skuli staðið að þeim. Stuðningur við matið var dagbók sem skráð var í eftir útiveru. Markmiðið var að skrá eftir hverja útiveru – það hefur ekki gengið eftir en öll skráning er betri en engin.

Matartími

Megin markmiðið er valdefling barnahópsina en í því felst að ýta undir sjálfstæði þeirra og að þau þrói með sér aukið sjálfstraust, hæfni og sjálfsbjörg. Markmiðið er einnig að þau séu meðvitaðri um eigin þarfir og öðlist betri hæfni í að skammta sér eftir þeim. Þær umbætur sem hafa átt sér stað eru að ríkari áhersla hefur verið lögð á að börnin fái að prófa sig áfram og skammti sér sjálf í matartímum. Hlutverk starfsmanna hefur verið að leiðbeina, styðja við og ýta undir sjálfsbjörg barnanna. Hlutverk þeirra er einnig að hvetja þau áfram, hrósa og varpa ljósi á hæfni þeirra.

Kaffitími barnanna er í flæði þar sem þau bjóða hvert öðru í kaffi – en slíkt krefst þjálfunar m.a. í framsögn sem vissulega getur styrkt sjálfsmynd og sjálfstraust. Helsta breytingin hefur verið að nú stillir starfsmaður kaffitímanum þannig upp að börnin geti sótt sér það sem þeim hugnast hverju sinni líkt og um hlaðborð sé að ræða. Í smjörinu eru hnífar fyrir börnin til þess

að æfa sig að smyrja sjálf ásamt því að vatn og mjólk er í litlum könnum svo börnin geti hjálpað sér sjálf. Enn sem komið er þá er það okkar upplifun að börnin hafi nú þegar öðlast töluverða færni í að hjálpa sér sjálf og teljum við einnig mikinn mun á matarsóun – sem segir okkur það að börnin séu að skammta sér eftir eigin þörfum.

Börnin fá hlutverk borðþjóna og gegna þau því hlutverki viku í senn. Í því felst að sækja borðbúnað, leggja á borð, sækja matinn og kynna fyrir börnunum hvað er í matinn hverju sinni. Með því er börnunum gefin ákveðin ábyrgð og hlutverk sem reynir á athygli, skipulag og framsögn svo fátt eitt sé nefnt. Enn sem komið er þá sjáum við mikinn mun á þekkingu, sjálfsöryggi og hæfni barnanna og má segja að það að þau gegni þessu hlutverki sé valdeflandi.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
UNICEF	Megin markmiðið er áframhaldandi valdefling barnahópsins Markmiðið er áfram að börnin gegni ákveðnum hlutverkum, að þau fái rými til þess að láta raddir sínar heyrast ásamt því að þau finni að þau geti haft raunveruleg áhrif.	Efla það að beita virkri hlustun, þ.e. það að hlusta af gaumgæfi og taka ákvarðanir út frá áhuga, sjónarmiðum og þörfum barnanna hverju sinni. Tækifæri er til þess að nýta betur hugmyndakassann og póstkassann sem byrjað var með í vetur. Leggja þyrfti meiri áherslu að kynna verkefnið fyrir foreldrum og ávinning þess.	Deildarstjóri ber höfðu ábyrgð en allir starfsmenn taka þátt og bera ábyrgð á eigin ígrundun og þróun starfshátta.	Haust 2023	Vor 2024	Matið mun eiga sér stað í gegnum markvissa ígrundun og samtal milli starfsmanna, bæði á deildarfundum og dags daglega í starfi. Megin markmiðið er að rýna í hvernig tekist hefur og hvort ástæða sé til frekari breytinga og hvernig skuli staðið að þeim.	Markmiðið er að farið sé eftir þeim umbótum sem fram koma í aðferðum til umbóta.
Útivera	Ýta en frekar undir valdeflingu barnanna með því að auka sjálfsbjörg,	Stefnt er að því að hafa ávaxtastund ávallt á sama tíma dags (ca. 9:30) og	Deildarstjóri ber höfðu ábyrgð en allir	Haust 2023	Vor 2024	Matið mun eiga sér stað í gegnum markvissa ígrundun og samtal milli	Að farið sé eftir þeim umbótum



	<p>hæfni og traust á eigin getu.</p> <p>Virkja starfsmenn en betur í að taka virkan þátt í leik og leikjum með börnunum í útiverunni.</p> <p>Halda betur utan um skráningar í tengslum við útiveruna.</p>	<p>taka markvissari umræðu um veðrið og klæðnaðinn.</p> <p>Einnig er stefnt að því að vera duglegri við að taka samtalið um hlutverk starfsmanna í útiverunni og vera duglegri við að virkja barnahópin með sér í leik og leikjum – nýta hugmyndabankan n betur.</p>	<p>starfsmenn taka þátt og bera ábyrgð á eigin ígrundun og þróun starfshátta.</p> <p>Allir starfsmenn bera ábyrgð á að skrá í dagbókin eftir útiveru.</p>			<p>starfsmanna á deildarfundum og dags daglega í starfi.</p> <p>Megin markmiðið er að rýna í hvernig tekist hefur og hvort ástæða sé til frekari breytinga og hvernig skuli staðið að þeim.</p> <p>Stuðningur við matið er dagbók sem skráð verður í eftir útiveru.</p>	<p>sem fram koma í aðferðum til umbóta, t.d. að börnin fái rými til að prófa sig áfram, auki sjálfsbjörg og sjálfsstraust á eign færni.</p> <p>Betri skráning.</p>
Matartími	<p>Megin markmiðið er valdefling barnanna, sbr. sjálfshjálp, og trú á eigin getu.</p> <p>Það að þau fái tækifæri og rými til þess að prófa sig áfram, að þau séu meðvitaðri um eigin þarfir og öðlist betri hæfni í að skammta sér eftir þeim.</p>	<p>Tækifæri er til þess að ígrunda betur skipulagið á hlaðborðinu í kaffítímanum, þ.e. hvernig best sé að setja það upp.</p> <p>Það þarf að gefa því gaum hvar og hvernig sé best að börnin skammti sér drykki þar sem núverandi aðstæður eru heldur þröngar og því erfitt fyrir sum að athafna sig.</p> <p>Einnig væri gagnlegt að endurskoða áhöldin sem börnin skammta sér með þar sem þau eru heldur stór og erfið meðferðar.</p>	<p>Deildarstjóri ber höfðu ábyrgð en allir starfsmenn taka þátt og bera ábyrgð á eigin ígrundun og þróun starfshátta.</p>	Haust 2023	Vor 2024	<p>Matið á sér stað í gegnum markvissa ígrundun og samtali milli starfsmanna á deildarfundum og dags daglega í starfi.</p> <p>Megin markmiðið er að rýna í hvernig tekist hefur og hvort ástæða sé til frekari breytinga og hvernig skuli staðið að þeim.</p>	<p>Að farið sé eftir þeim umbótum sem fram koma í aðferðum til umbóta, t.d. að börnin fáu rými til að prófa sig áfram, auki sjálfsbjörg og traust á eign færni.</p>



		Auk þess þarf að halda samtalinu áfram um hversu mikið heppilegt sé að skammta sér í einu og gera þau meðvitaðri um eigin þarfir.					
--	--	---	--	--	--	--	--

2.8 Innra mat Undralækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2022-2023

Unicef

Í haust var ákveðið að vinna markvisst með Unicef og fengu börnin að taka þátt í því með okkur. Við unnum með að efla börnin í að koma á framfæri skoðunum sínum með það markmið að þau hefðu áhrif á leikskólastarfið þeirra eins og hægt var. Við gerðum hugmyndakassa þar sem börnin teiknuðu eða skrifuðu hugmyndir um hvað þau myndu vilja gera í leikskólanum. Það gekk mjög vel, þau þurftu smá aðstoð í byrjun en um leið og þau fóru að skilja þetta betur og sáu að hlustað var á þau, þá gekk þetta mun betur. Það komu hugmyndir sem kennarar þurftu að útskýra fyrir þeim að væri ekki hægt að gera hér í leikskólanum og börnin voru dugleg að koma með lausnir um hvað væri þá hægt að gera í staðinn. Kennarar fundu síðan hvaða daga yrði gert það sem þeim langaði að gera.

Útivera

Í upphafi vetrar byrjuðum við með Barnasáttmálann og tókum við að okkur að vinna með útiveruna. Markmiðið var að hafa útiveruna frjálslægri fyrir börnin og leyfa þeim að hafa meira val um hvenær þau færu út, einnig að þau meti sjálf í hverju þau eiga fara. Til að byrja með var aðal áherslan á að hafa útiveruna skemmtilega og voru kennararnir duglegir að gera útiveruna spennandi. Við þurftum að byrja á að gera hópa um hverjir fóru út til þess að minnka áreiti inn á deildinni vegna þess að börnin voru en þá að aðlagast deildinni og starfsmönnum. Markmiðið var að halda markvissa skráningu um hvernig gekk í útiverunni en hefðum alveg mátt vera duglegri í að skrá. Þegar leið á veturinn fóru börnin að hafa meira um það að segja um hvenær þau vildu fara út og í hverju þau áttu að fara. Það má segja að

börnin á Undralæk eru farin að njóta sín meira í útiverunni og að það sé orðinn mun jákvæðari hugsun gagnvart útiverunni í barnahópnum.

Matartími

Á Undralæk höfum við markvíst unnið með að efla sjálfshjálpinu í matartímanum og að þau læri að skera, smyrja og skammta sig sjálf. Börnin eru alltaf með föst sæti í hádegismatnum sem við breytum reglulega og síðan erum við með flæði í kaffitímanum. Í kaffitímanum fá börnin að bjóða hvert öðru að koma í kaffi, sem hefur gengið vel. Það hafa verið miklar framfarir hjá þeim frá því að þau byrjuðu í haust. Því er mikilvægt að efla sjálfshjálp og auka sjálfstæði þeirra en meira næsta vetur.

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Unicef	Við stefnum á að leyfa börnunum að ráða meira hvað gerum í leikskólanum	Við gætum haldið áfram með hugmyndakassa þar sem börnin setja það sem þeim langaði að gera í leikskólanum og reynum að fara eftir öllum óskum	Deildastjóri og starfsfólk deildar	Í haust	Næsta skólaár	Metið verður á deildarfundum og tekið verður umræður með barnahópnum	Börnin séu meðvituð um að þau séu þátttakendur í leikskólastarfinu og að þau viti að skoðanir þeirra hafi áhrif
Útivera	Stefnt er að hafa útiveruna frjálsslegri fyrir börnin og að þau fái meira val um hvenær þau færu út yfir daginn og meti sjálf í hverju þau eiga að fara.	Kennarar hlusti á eftir óskum barnanna og að það sé jákvæð umræða um útiveruna	Deildastjóri og starfsfólk deildar	Í haust	Næsta skólaár	Kennarar skrá í bók um hvernig gengur í útiverunni og ræðum um það á deildarfundum	Börnin verði sjálfstæðari við að klæða sig og eru með jákvæðari hugsun gagnvart útiveru
Matartími	Efla sjálfshjálpinu í matar- og kaffitímanum og að þau læri að	Kennarar gefi þeim tækifæri að gera sjálf í matartímanum	Deildastjóri og starfsfólk deildar	Í haust	Næsta skólaár	Metið á deildarfundum hvernig gengi og	Börnin verði sjálfstaði í matar- og kaffitímanum



	skammta sig sjálf, smyrja og skera.	og aðstoða ef þess þarf				hvort það þurfi breytinga	
--	-------------------------------------	-------------------------	--	--	--	---------------------------	--

2.9 Innra mat Fagrilækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2022-2023

Unicef

Ákveðið var í byrjun skólaárs að tileinka okkur betur **12. grein Barnasáttmálans: Virðing fyrir skoðunum barna**. Við bjuggum til hugmyndakassa vel merktum **12. greininni**. Við kynntum hann vel fyrir börnunum og tilgang. Hugmyndir þeirra voru skráðar á blað af kennurum og foreldrum. Við höfum vegferð okkar ágúst 22. Og við munum ljúka í sumarlokun (2023). Síðan byrjum við aftur á fullu þegar næsta skólaár hefst. Þegar að hugmyndirnar voru komnar á blað, sem urðu gríðarlegar margar, þá höfðum við á föstudögum þemadag tengt hugmyndinni. Allir sýndu kassanum áhuga þá smituðust hugmyndirnar út og þá var ekki aftur snúið. Marmiðið tókst fram úr björtustu vonum. Enda ríkir mikil ánægja á meðal: barnanna, foreldranna og kennarana.

Útivera

Stefnt var að því að gera útiveruna áhugaverðari fyrir börnin. Ákveðið var að krydda hana aðeins upp með því að hafa t.d. tónlist. Byrjað var að hausti og stefnt að lokum sumarið 2023. Safnað var skráningum um útiveruna með því að halda dagbók og taka myndir.

Börnin voru viljugri við að fara út, sérstaklega þegar það var tónlist. Foreldrar höfðu einnig orð á því hversu skemmtileg útiveran var og sögðu meðal annars: „*Það er alltaf svo mikil stemning hér.*“

Matartími

Börnin eru hvött til að skammta sér sjálf. Við getum ekki haft hádegismatarflæði vegna rýmis. Það er flæði í kaffitímanum, einnig er það viðráðanlegra vegna fjölda barna. Kennarar og starfsfólk fylgist með og tekur stöðuna um hvernig gangi. Við höfum notað kaffiflæðið meira í útiveru og hefur það gengið vel.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Unicef	Hugmyndakassin hefur verið vel virkur. Við erum samt alltaf opinn fyrir nýjum hugmyndum. Geta börnin haft meiri áhrif á starfið?	Taka umræður í samveru stund. Hvað finnst börnunum ganga vel? Hvað vilja þau sjá öðruvísi?	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Ágúst 2023	Júlí 2024	Kennarar nota dagbækur til að skrá í. Síðan er hægt að nota deildarfundi til að dýpka hugmyndirnar með aðgerðaráætlun.	Að hugmyndirnar sem að börnin koma með ganga vel í dagskipulaginu þá er það góður mælikvarði.
Útivera	Við getum látið börnin vera virkari í að velja hvort þau fari í útiveru eða ekki?	Við getum tekið umræðuna í samverustund. Við myndum líka leggja áherslu á að við þurfum a.m.k. að fara einu sinni út á dag.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Ágúst 2023.	Júlí 2024.	Skrá hjá okkur. Dæmi: Hvað eru margir að velja út? Á hvaða tíma dags vilja þau helst fara út? Er munur eftir árstíðum?	Vonandi verður aukning á því að velja sér að fara í útiveru
Matartími	Við stefnum að því að hafa flæði í hádegismatnum. Það er næsta skref hjá okkur á deildinni.	Ég sé fyrir mér að skipta deildinni í tvennt A og B hóp. Hópur A borðar fyrst síðan borðar hópur B.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Ágúst 2023	Júlí 2024	Kennararnir fylgjast með skrá hjá sér athugasemdir. Eru þau að njóta sín? Eru þau sjálfstæð?	Árangurinn er fyrstur og fremstur í því að við fáum svör við spurningunum í dálknum á undan.



2.10 Innra mat Vinalækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2022-2023

Útivera

Í vetur var tekin ákvörðun um að breyta útiverunni og veita börnunum meira val um hvenær þau færu út. Þau gátu valið um að fara fyrir eða eftir hádegi. Þetta skapaði að mati starfsmanna mun skemmtilegra viðhorf hjá börnunum gagnvart útiverunni og var mjög valdeflandi fyrir þau að hafa þetta val. Skriflegar skráningar í tengslum við útiveruna gengu ekki sem skyldi og þyrfti að bæta þann þátt. Hins vegar var tekið mikið af myndum og því haldið utan um skráningar með þeim hætti. Starfsmenn lögðu mikið upp úr því að efla sjálfan sig í að vera meiri þátttakendur í leik og starfi barna í útiverunni. Það tókst vel til en má alltaf blómum á sig bæta.

Unicef

Í gegnum innleiðingarferli skólans í tengslum við Barnasáttmálann og samvinnu við Unicef hefur umræðan um sjálfsefingu barna farið á hærra stig. Á Vinalæk er lagt mikið upp úr að efla þrautseigju barnanna og sjálfstraust þeirra. Leitast er eftir þeirra hugmyndum og áhuga í tengslum við allt starfið á deildinni. Dæmi um slíkt eru t.d. rútuferðir barnanna, sem eru alfarið unnar eftir þeirra hugmyndum eftir áramót, þau kusu um búninga starfsmanna á öskudag og einnig var tekið samtalið við börnin um vopn á öskudag. Umræða og leiðir til að nálgast hugmyndir og skoðanir barnanna hafa eflst í gegnum veturinn og starfsfólk mun meðvitaðra um mikilvægi þess að taka umræðuna í daglegu starfi. Það mætti hins vegar nýta hugmyndina um hugmyndakassa inn á deildinni og vera þannig með markvissari leið til að nýta hugmyndir barnanna í daglegu starfi.

Matartíminn

Börnin eru mjög sjálfstæð í matartíma. Um áramótin var breytt matarrýminu í matstofu fyrir börnin með hlaðborði. Þar setja þau alfarið sjálf á diskinn og velja sér síðan sjálf sæti og sessunaut. Eftir hádegismatinn meta þau síðan sjálf hvernig þau töldu sig borða, velja sér miða sem stendur á; lítið, vel eða mjög vel. Þau hengja síðan miðann á hólfið sitt svo umræðan fari einnig heim og foreldrar geta séð hvernig börnin borðuðu í hádeginu. Í

morgunmat og kaffitíma borðum við í flæði þar sem börnin koma þegar það er laust pláss. Þau setja sjálf í uppþvottavél þegar þau eru búin og bjóða síðan næsta barni að koma að borða.

UMBÓTARÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
Unicef	Setja upp hugmyndakassana. Vera duglegri að taka fyrir greinar úr Barnasáttmála og kynna fyrir börnunum.	Búa til kassa og kynna hann vel fyrir börnunum í samverustund og hvetja þau til að setja þar í sínar hugmyndir um það sem þau langar til að gera í leikskólaskólastarfinu. Leggja áherslu á að þau hafi rödd og að þetta megi vera hvað sem er. Hefja t.d. vikuna með sameiginlegri samveru að morgni þar sem ein grein sáttmálans er tekin fyrir. Ágætt að byrja á greininni sem segir að öll börn hafa rödd og tengja það við hugmyndakassann.	Starfsmenn á deild búa til kassann og hafa umsjón í sameiningu með framkvæmd. Aðstoða börnin við að skrifa hugmyndir þeirra á blað. Einn starfsmaður á deild fær það hlutverk að prenta út greinarnar en sá starfsmaður sem tekur samveruna ber ábyrgð á að velja grein til að kynna	Sept. 23	Des. 23	Endurskoðað á deildarfundi hvernig tekist hefur til og vera dugleg að minna börnin á kassann í samverustund. Upplýsa foreldra í gegnum tölvupóst og hvetja þau til að láta börnin koma með hugmyndir í leikskólann Ágætt að búa til lista og merkja við hvaða greinar hafa orðið fyrir valinu.	Reyna að hrinda fyrstu hugmynd í framkvæmd strax í september til að virkja börnin. Árangur sést á hversu margar hugmyndir eru færðar í verk. Í lok annar er farið yfir hversu margar greinar hafa verið teknar fyrir.
Matartíminn	Halda áfram með flæði í matartíma en spurning um að hafa 2 hópa sem borða á sitthvorum tímanum stuðlar þetta að meiri friði og ró í matartíma.	Raða börnunum upp í tvo hópa og passa upp á samsetningu hópsins.	Deildarstjóri setur saman hópa í samráði við starfsmenn á deild. Allir þeir kennarar sem eru inn í matsal	Sept. 2023	Des. 2023	Metum strax í okt hvernig hefur gengið að hafa tvo hópa og endurskoðum samsetningu hóps ef þörf þykir.	Hljóðvist í matsal og stemning í matartíma. Er meiri ró í matartímanum og minni hávaði.
Útivera	Búa til lista í skráningarbók yfir hugmyndir af afþreyingu og leikjum sem kennarar geta	Hafa skráningarbók sýnilegri inn á deild og minna starfsmenn reglulega á að	Allir starfsmenn á deild. Deildarstjóri ber ábyrgð á að	Sept. 2023	Des. 2023	Metið reglulega á deildarfundum.	Árangur sést á því hversu fjölbreyttur leikur barnanna



	<p>virkjað börnin í og farið í með þeim til að gera útiveruna meira aðlaðandi og fræðandi. Hafa listann árstíðarbundinn þannig að eitthvað sé hægt að nota í frosti og snjó.</p> <p>-Gönguferðir í nærumhverfi. Reyna að fara alltaf 1x í viku (eða 2x í mánuði) í stuttan göngutúr sem lengist svo þegar líður á skólaárið og í takt við veður. Gaman væri að vinna hugmyndavinnu með börnum eftir hverja gönguferð t.d. biðja þau um að teikna það sem þau sáu í ferðinni.</p>	<p>bæta á listann og skrá niður hugmyndir fyrir útiveru.</p> <p>Punkta niður í upphafi skólaárs hugmyndir að gönguferðum fyrir næstu mánuði. Fá börnin í lið með sér og athuga hvort þau vilji skoða eitthvað sérstakt nálægt.</p>	<p>minna starfsmenn á og sjá til þess að allir séu virkir í skráningu.</p> <p>Allir starfsmenn á deild en deildarstjóri heldur utan um hugmyndir og í sameiningu við starfsmenn er ákveðið hvert er farið m.t.t. veðurs.</p>				<p>verður í útiveru.</p> <p>Árangur sést á fjölda gönguferða og vaxandi úthalds barna að ganga.</p>

2.11 Töfralækur greinagerð – Sköpun og Umhverfismennt í efra húsi

Í Laugasól er verkefnastjóri yfir sköpun og umhverfismennt. Börnin fá tækifæri til að prófa sig áfram með mismunandi aðferðir og efnivið. Verkefnastjórinn hefur haldið utan um umhverfismenntina og verið leiðandi í því. Mikil ánægja er hjá börnum og kennurum með þessa leið. Lesa má hennar mat hér að neðan:

Í vetur hafa öll börn í efra húsi Laugasólar komið á Töfralæk. Sum einu sinni í viku, önnur skemur.

Allt starf og öll þjálfun barnanna miðast við árstíðirnar og að endurvinnu og nota það sem er til á staðnum. Í upphafi er alltaf innlegg/kveikja til að virkja áhuga barnanna og fer það eftir aldri og þroska barnanna og hópsins.

Upplifun, skynjun, gleði er það sem lagt er upp með.



Að læra að vera og vinna í hóp og læra að bíða eftir að röðin komi að manni. Hópstjórinn er jú ekki kolkraubi eins og börnin eru búin að reka sig á.

Leikurinn er aðal námsleið barnsins, er í hávegum hafður og er aðal viðfangsefnið.

Rúmið er lítið en það er ótrúlegt hvað alflestir geta unað sér við leik og störf við fjölbreytt verkefni.

2.12 Einingakubbar greinagerð – kubbastundir í neðra húsi

Í Laugasól er verkefnastjóri sem sér um kubbastundir fyrir yngri börnin einu sinni í viku allan veturinn. Lesa má hennar mat hér að neðan:

Einingakubbasögur úr Laugasól veturinn '22 - '23

Í vetur hafa börnin í Laugasól samið margar sögur í kubbaleik og þannig gefið okkur örlitla innsýn í reynsluheim sinn. Í leik með einingakubbana deila þau einnig reynslu sinni með félögum sínum og á þann hátt læra þau af hvert öðru en margir telja einingakubbana eitt besta námsefni fyrir börn þegar kemur að sjálfsnámi. Það þýðir að við kennarar ættum að gefa börnum sem flest tækifæri til að spreyta sig með þá, því reynsla þeirra er ekkert minna raunveruleg en reynslan sem þau eiga eftir að afla sér síðar (Úr The Block Book).

Í upphafi byggingaleiks barna eru þau að glíma við rúmfræðilegt samband á milli kubbanna:

- Nálægð (næst við, við hlið, ofan á).
 - Raðir og regla.
 - Um girt svæði (inn í og fyrir utan).
 - Samfella (yfirborð er samfellt).
 - Umfang (þrívídd; kubbar komnir ofan á aðra kubba, undir og í kringum).
- (Úr The Block Book).

Ofangreindir þættir eru það sem börnin okkar hafa verið upptekin af í vetur auk þess sem þau hafa æft sig í góðri hegðun og umgengni. Við höfum verið að telja með þeim kubbana sem þau eru að nota t.d. í turna og háa stafla sem þau byggja og þegar við flokkum og gerum stafla í frágangi. Börnin eru auðvitað misjafnlega tilbúin í það og áhuginn er breytilegur en hún er alltaf hárfín þessi lína á milli þess að hvetja börn og pressa á þau og ekki alltaf ljóst hvaða ákvarðanir er best að taka í þeim efnum.

Yngstu börnin eru á fyrstu tveim stigum þróunar í byggingaleik og því hafa þau verið að gera sínar fyrstu tilraunir, oft með fáa kubba, bera þá um, jafnvel raða þeim inni í hillunum og einnig hafa þau verið að búa til lágréttar og lóðréttar raðir á gólfinu. Eldri börnin og þau reynslumeiri hafa bætt við sig þriðja og fjórða stiginu þar sem þau eru að brúa á milli tveggja kubba og umkringja svæði en þessi stig eru talin með fyrstu tæknilegu

„byggingavandamálunum“ sem þau glíma við og gaman er að fylgjast með. Með hækkandi aldri barnanna fer viðbótarefni eins og tréfigúrur að skipta meira máli til þess að hlutverkaleikurinn fái að blómstra og sá efniviður hefur notið mikilla vinsælda í vetur. Þá eru líka mörg dæmi um að börnin hafi verið að gera stafina sína úr kubbum.

Eins og áður, birtist hér nánast handahófskennt val á sögum af börnunum, nokkrar af sumum en engar af öðrum og engin vinna lögð í að samræma nútíð og þátíð í sögurnar.

Sögurnar

27. sept. '22. A, B og E.

E byrjaði af krafti; raðaði u.þ.b. tuttugu tvöföldum grunnkubbum í langa röð á gólfið en laumaði sér út eftir tíu mínútur. A náði í þrjá kubba, svo ekki meir. B réttir A og segir: „Héddna A, é kaupa handa þé“. A vildi ekki kubbin svo B lét hann í sína bygg sem var stór flötur búin til úr grunnkubbum og tvöföldum grunnkubbum. Hún hafði látið breiða sívalninga á flötinn og mjóa sívalninga ofan á þá breiðu. Hún talaði látlaust allan tíman og þessu náði ég: „É raða tubbum mínum A, sjáðu é gera sona“. A svaraði ekki. B lætur það ekki á sig fá og heldur áfram: „Hessi geta verið héddna. É vantar sona örvísi tubb, so segiru sona, é finn bara ná í sona örvísi meir sona uppá brúnina (brúnna), uppá sona brúnina“ „hmmhmmhmm“. Sönglar.“ Þessi héddna óó sjú“. Þa fuglkomið, þetta húsi mitt, mamma í þessu húsi, pabbí þessu húsi, é í þessu húsi, þetta fuglkomið“ Dásamleg einræða og B á kafi í leik. A hrökk í gír þegar við B fórum að ganga frá, var mjög dugleg og talaði heilmikið á meðan t.d. „þessi hér“ sem hún endurtók margoft um leið og hún fann plássið sem kubbarinn áttu í hillunum og „stóri hér“, „litli hér“.

(orðaforði, formþekking).

15. feb. '23. H, S, Ó, K.

H og Ó eru að gera sjóræningjaskip og H fer svo að raða ferningum með S, þær eru í kisuleik. Þær raða svo stólpum við hlið ferningaraðarinnar og vantar fleiri. S nær í „kringlóttan“ eins og hún sagði en það er mjói sívalningurinn. Þær skipta svo um kubba og nota grunnkubba í staðinn. Ó leggst á gólfíð og segir endurtekið: „H ég er veikur“ H er upptekin í sínum leik og heyrir ekki í Ó svo hann hættir við að vera veikur 😊 Þau fara að ganga með „stafi“ sem eru tvöfaldir grunnkubbar og Ó segir: „ég er Tobbi afi“. S segir: „ég er amma Kellý“. Ó: „það mega vera margir afar“. S: „já og margar ömmur“. H: „uhu uhu“ (skælir í leiknum). Ó: „pabbi skal gefa þér snuð“. S syngur: „sofðu rótt sofðu rótt“. S: „pabbi og mamma voru í dansinum og barnið fékk vassbyssu, við kaupum þetta á ballinu“. Ó tekur grunnkubb og býr til „tss tss“ hljóð. Réttir H kubbinn og segir: „það er nóg af vatni í vassbyssunni“. Þau eru ótrúlega virk og upptekin í leiknum og eru sjálf í hlutverkunum, ömmur afar og dýr og gera umkringdar byggingar. S telur tíu kubba í kringum sig. H gerir hús og neðri röðin er að mestu úr grunnkubbum ferninga í næstu hæð en hefur ekki nóg af þeim, hún hafði lánað K því hann vantaði í bílinn sem hann var að byggja. Ég benti henni á að rétt áðan hefðu þau notað tvo stólpa í staðinn fyrir tvo ferninga (sem er hvort tveggja hægt að nota í staðinn fyrir grunnkubb). og eftir að stólparnir og ferningarnir voru búnir þá notuðu þau grunnkubba. H áttaði sig strax á tengingunni við sína byggingu og setur þá grunnkubba í staðin. Svo fara að myndast bil þegar hún færir ferningana til og hún færir þá áfram þangar til allt smellpassar hjá henni. Frábært!

(miklar stærðfræðipælingar, tilraunir, uppgötvun, samskipti, hjálpsemi).

16. apríl '23. A, Atl, E og S.

A var með þrjá kubba allan tímann en gerði ekki mikið. E mjög iðin og skapandi, gerir turn úr sívalningum sem hún umkringir með tvöföldum kubbum sem hún lét standa upp á rönd. Atl. bað S að hjálpa sér, þær voru frábærar saman og spjölluðu um hvar þær vildu hafa kubbana sína. Svo tekur S þrjá litla bogakubba sem Atl. var með og fór með þá. K(starfsmaður) sagði S að skila þeim, S varð þvers, henti kubbum og grét. Atl. lét þetta ekki trufla sig, var mjög kát og kraftmikil, var búin að gera flöt með sívalningum og fleiri kubbum ofan á og talaði mjög mikið, t.d.: „Gerum svona ellegand hús“, „píramídahús, pír pír, píramídahús“ svo kom



heilmikið bull: „rót, pínómínó, mærómilk“. Hún segir við mig: „þú þarft að taka þessa“ og bendir á þrjá kubba sem voru við hliðina á byggingunni hennar og hún vildi losna við. Ég hreyfði mig ekki, þá tók hún kubbana og raðaði þeim á flötinn sinn. Svo fyndin. S jafnaði sig á erfiðleikum sínum og fór að raða kubbunum sem E hafði verið með og búin að missa allan áhuga á. S og Atl. voru mjög öflugar í frágangi, réttu hvor annarri kubba til að ganga frá og „takk“ flaug oft á milli þeirra. Frábær samvinna hjá þeim og mikil gleði. Hinar tvær voru óvirkar í frágangi.

(hjálpsemi, samvinna, orðaforði).

2. maí '23. Hu, H, S og G.

H er mjög áhugasöm og einbeitt (langt síðan hún hefur verið með mér). Hún staflar tveim grunnkubbastöflum sem ná hærra en hillurnar og tyllir svo tveim dýrum ofan á hvorn stafla. Gerir flókna byggingu með mörgum kubbum; stórum bogakubbum neðst, þá grunnkubba og breiða sívalninga ofaná þá og aftur grunnkubba. S og G leika sér saman með dýrin. Hu sýnir í fyrsta skipti frumkvæði að því að ná sér í kubba í hilluna án þess að þurfi nokkuð að hvetja hana til þess. Hún nær í einn tvöfaldan sem hún lætur á gólfið, sækir sér einn stólp í einu og raðar í framhaldi af tvöfalda kubbnum, þar til allir stólparnir eru búnir í hillunni. Úr verður falleg röð eins og T í laginu. Hún nær sér í fólk og dýr sem hún raðar ofan á bygginguna sína. H dundar sér við þetta í um tíu mínútur.

(tilraunir, þyngdarafli, kjarkur, áræðni).

3 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslustjórar Laugasólar skólaárið 2022-2023 voru tveir í 1.8 stöðugildum. Eygló Guðjónsdóttir var í 100% starfshlutfalli og sá um málörvun, ráðgjöf og handleiðslu aðallega á 4 deildum. Júlía Hafþórsdóttir var í 80% starfshlutfalli og sá um atferlisþjálfun, ráðgjöf og handleiðslu aðallega á 4 deildum. Í nóvember 2022 fer Júlía í barneignarleyfi og Anna Birna Rafnsdóttir tekur við hennar stöðu í 82% starfshlutfalli. Í mars 2023 fer Eygló í barneignarleyfi og ekki er ráðið í hennar stað. Svo að frá mars 2023 hefur aðeins verið einn sérkennslustjóri í 82% starfshlutfalli.</p> <p>Vinna sérkennslustjóra var mest megnis sameiginleg og voru þeir vel upplýstir um öll mál.</p> <p>Deildarumsjón sérkennslustjóra felur í sér ráðgjöf til allra starfsmanna á deildum, aðstoða deildarstjóra við skipulagningu starfsins, stuðningur við deildarstjóra á fundum með foreldrum, sækja um viðeigandi þjónustu frá þjónustumiðstöð og sjá til þess að þeirri ráðgjöf sé fylgt eftir.</p> <p>Menntun án aðgreiningar er alltaf hornsteinninn í okkar starfi og er unnið með náttúrulega kennslu í flestum aðstæðum. Þó er einstaklingsþjálfun einnig partur af okkar starfi og hefur það sýnt fram á bættan árangur nemenda með þroska frávik þar sem þau börn yfirfæra kunnáttuna í daglegt líf.</p> <p>Í einstaklingskennslu vinnum við eftir aðferðum atferlisgreiningar og notum viðeigandi skráningarform. Á þeim skráningum kemur fram dagssetning hvenær ný færni er kynnt og hvenær hún er lærd.</p> <p>Skráningarnar sem notast er við eru: AHA skráningar, VB-Mapp og gátlistar sem eru unnir uppúr TRAS og AEPS.</p> <p>Vinna með einhverfum börnum og börnum með mikil þroskafrávik felur í sér starfsþjálfun sérkennara, gerð einstaklingsáætlana og</p>
--	--



	<p>markmiða, að fylgjast með þjálfun og fundi með foreldrum.</p> <p>Hegðunarihlutanir fela í sér ráðgjöf til deildarstarfsmanna og gerð áætlana sem allir starfsmenn á deild eiga að fylgja, funda með foreldrum og deildarstjórum til að unnið sé að sömu markmiðum.</p> <p>Málörvun felur í sér ráðgjöf til deildarstarfsmanna og umsjón með málörvunarkassanum með leiðbeiningum fyrir yngstu deildarnar sem allir starfsmenn geta notað. Deildarstarfsmenn fengu fyrirlestur um markvissa málörvun og í kjölfarið verkfæri sem hægt var að nota í daglega starfinu.</p> <p>Félagsfærniþjálfun felur í sér starfsþjálfun sérkennara, að setja upp markmið þjálfunar sem helst er framkvæmd í litum hópi inni á deild, að huga að hvar barni skortir færni og unnið með það, að nota sérstakt skráningarblað.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>HLJÓM-2 er lagt fyrir öll elstu börn leikskólans</p> <p>TRAS er lagt fyrir öll börn á aldrinum 2-5 ára</p> <p>AEPS matslisti er notaður til að finna grunnlínu þroska einstakra barna og einstaklingaáætlun unnin út frá niðurstöðum.</p> <p>VB-Mapp og Behavioral Intervention for Young Children with Autism eru matslistar til að skoða grunnlínu þroska barna og hafðir til hliðsjónar í gerð einstaklingsáætlana með einhverfum börnum.</p> <p>Íslenski þroskalistinn er matsliti sem mæður fylla út ef grunur er um frávik í þroska barna á aldrinum 3-6 ára.</p> <p>Smábarnalistinn er þroskalisti sem mæður fylla út ef grunur er um frá vik í þroska barna á aldrinum 15-38 mánaða</p> <p>Orðaskil er notað til að finna grunnlínu orðaforða hjá einstökum börnum og í framhaldinu sem leiðarvísir í innlög á orðaforða.</p> <p>EFI 2 til að skima málskilning og máltjáningu einstakra barna</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Til að efla málþroska yngstu barna voru spil, loðtöflur, dýr, sögur, kubbar, slæður, púsl og fleira í málörvunarkössum og töskum.</p>



	<p>Leiðbeiningar fylgja, hvernig væri er að nýta efniviðinn í mismunandi málörvun.</p> <p>Einnig voru notuð fjölbreytt spil og sögur. Jafnframt var notað efni af vefnum fjölbreyttkennsla.is og gagnabanki vegna Hljóm prófsins. Auk þess voru til Litla Sól og Sól bækurnar.</p> <p>Til að efla félags- og tilfinninga þroska nýttum við efni frá hegðunarráðgjöfum frá þjónustumiðstöð, útbjuggum hegðunarlutanir fyrir einstaka börn og markmið.</p> <p>Í einstaklingskennslu er VB-mapp listinn notaður til að miða við þegar gerðar eru einstaklingsáætlanir.</p>
--	---

Mat á umbótaáætlun 2022-2023:

Innleiðing lausnateymis: Lausnateymið samanstendur af deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra og ráðgjöfum af Norðurmiðstöð. Teymið hefur hist tvisvar á hvorri önn. Í maí var ákveðið að hafa alla deildarstjóra saman á einum fundi og gafst það vel. Því verður haldið áfram næsta vetur og fyrsti Lausnateymisfundur vetrarins verður í september. Áður en fundur er haldinn þarf deildarstjóri að fylla út tilbúið skráningarblað um viðkomandi barn og komið til sérkennslustjóra sem sendir blöðin á ráðgjafa ef við á. Ef sú íhlutun sem sett er af stað ber ekki árangur eftir tvo fundi er kallað eftir frekari þjónustu frá þjónustumiðstöð. Fundir voru ekki ákveðnir með nógu miklum fyrirvara og þá voru ráðgjafar ekki endilega lausir á þeim tíma sem fundurinn var haldinn. Núna verða fundir ákveðnir á fyrri fundi og ráðgjafar vita þá af því eða eru látnir vita. Er orðið hluti af verklagi sérkennslunnar og sýnir sig að unnið er betur með málin áður en tilvísun er send og fækkar þá tilvísunum. Ráðgjafar þekkja þá til málanna og geta tengt betur við börnin þegar að þeir þurfa að fara að vinna meira með þeirra mál.

Útbúa skráningarblöð fyrir málörvun og leik- og félagsfærniþjálfun: Þetta hefur gengið vel og er inni í vinnu sérkennara.

Breytt uppsetning sérkennslu: Stundatöflur fyrir alla sérkennara voru gerðar haustið 2022 og endurskoðaðar reglulega. Sérkennarar sinna margskonar verkefnum, málörvun, atferlisíhlutun og leik- og félagsfærniþjálfun. Þetta er orðinn hluti af vinnulagi sérkennslunnar og er endurskoðað eftir breyttum þörfum barnanna og breytingu á starfsfólki í sérkennslu.

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁ TTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/a ðferðir?	Viðmið um árangur

Áframhaldandi innleiðing Lausnateymis	<p>Áfram verða haldnir Lausnateymisfundir. Haldnir á 6 vikna fresti fyrir allar deildir saman. Áður en fundur er þarf deildarstjóri að fylla út tilbúið skráningarblað um viðkomandi barn og skila til sérkennslustjóra. Deildarstjórar biðja um leyfi hjá foreldrum að fjallað sé um mál barnsins á fundinum. Sérkennslustjóri hefur samband við ráðgjafa, bókar þá á fundinn og kemur skráningarblaði til skila.</p> <p>Ef sú íhlutun sem sett er af stað ber ekki árangur eftir tvo fundi er kallað eftir frekari þjónustu frá þjónustumiðstöð.</p>	Næsti fundur er ákveðinn í lok hvers fundar. Ráðgjafar eru bókaðir með góðum fyrirvara. Gott væri að hafa starfsmann úr sérkennslu sem sér um að rita fundargerð á meðan á fundinum stendur.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar.	Septemember 2023	Verður hluti af verklagi sérkennslunnar og lýkur aldrei.	Til að sjá árangur þessara funda er skoðaður fjöldi sendra tilvísana á þjónustumiðstöð.	Að sendar séu inn færri tilvísanir og að mannauðurinn á leikskólanum öðlist meiri sjálfstraust í sérstakri vinnu með börnin.
Tvítýngd börn með námskrá og hugmyndir að vinnu	Sérstök námskrá útbúin fyrir hvert tvítýngt barn þar sem listað er upp hvernig er hægt að vinna með málproska og auka orðaforða, vinna með fjölskyldunni og bæta samskipti og samvinnu.	Markviss málörvun fyrir hvert tvítýngt barn. Deildarstarfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um hvernig eigi að vinna með hvert tvítýngt barn. Börnin eru í málörvunarhóp um sem sérkennslan sinnir einnig.	Sérkennslustjóri og sérkennarar.	Haust 2023	Verði hluti af vinnulagi sérkennslunnar og lýkur í raun aldrei	Verði metið með skráningum á málkunnáttu barnanna og samtali við deildarstarfsmenn. Námskrá verður endurskoðuð á 3 mánaða fresti.	Nota TRAS, Hljóm-2 fyrir eldri börn og EFI fyrir börn á þriðja aldrarsári. Skráningarblöð og námskrár form sem verður útbúið.
Tilfinningavinna, hvernig á að takast á við kvíða, reiði og depurð hjá leikskólabörnum	Fræðsla fyrir alla starfsmenn um tilfinningavinnu og verkfæri til að nota í daglegu starfi. Hver deild fær í samvinnu við sérkennslustjóra verkfæri sem nýtist á deildinni og hægt er að vinna með tilfinningar í barnahópnum.	Fá fyrirlestur á starfsdag um tilfinningastjórnun, fyrirmæli og tilfinningavinnu. Bækur sem vinna með tilfinningar keyptar og unnið markvisst með þær inni á deildum. Félagssfærnisögur nýttar bæði fyrir allan hópinn og einstaka börn.	Sérkennslustjóri	Septemember 2023	Endurskoðað vorið 2024	Metið reglulega á deildarstjórafundum og Lausnateymisfundum	Sýnilegt að deildir séu að vinna með tilfinningar og skráningar á því.
Áframhaldandi breytt uppsetning sérkennslu	Uppsetning sérkennslu verður þannig háttað að sérkennarar skipta á milli sín verkum og fá	Sérkennslustjórar útbúa stundatöflu fyrir hvern	Sérkennslustjóri	Septemember 2023	Verði hluti af vinnulagi sérkennslu	Metið vikulega á fundi með sérkennuru	Skoða skráningarblöð og meta árangur og þörf



í stöðugri þróun	úthlutaða stundatöflu með viðveru og verkefnum. Öll börn sem þurfa auka stuðning fái viðeigandi íhlutun sem fyrst.	sérkennara. Sérkennarar hafa þá umsjón með málörvun, leik- og félagsfærni og atferlisíhlutun.			unnar og lýkur í raun aldrei	m og á deildarstjórn afundum.	á deildinni í samtali við deildarstarfsmenn.
------------------	--	---	--	--	------------------------------	-------------------------------	--

3.1 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Starfsmannahald, námsскеiðskostnaður og námsgögn keypt.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er unnið með gefðu 10 í leikskólanum. Það hafa verið málörvunarhópar inn á öllum deildum.
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Það eru lesstundir og hvíldarstundir á öllum deildum, söngstundir og samverur. Þessar stundir eru nýttar vel til þess að dýpka orðaforða barnahópsins. Spil og minni hópar (málörvunarhópar).
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Tras fyrir öll börn en höfum í huga að þau eru fjöltyngd. Höfum líka notað Orðaforðalistann frá Menntamálastofnun til hliðsjónar. Sérkennslustjóri (sem hefur umsjón með fjöltyngdum börnum) gefur ráð inn á deildum. Áætlanir gerðar fyrir þau börn sem standa illa.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Í samverustundum eru hugað vel að öllum þáttum, söngur/ljóð t.d. fyrir hljóðkerfisvitund, leikir, frásagnir og margt fleira. Í daglegum samskiptum er lagt orða á alla hluti og með því lagt inn orð og orðaforði eflur hjá börnunum í gegnum daginn. Mikið er lagt upp úr því að efla tjáningu barna í hóp, bæði stórum og smærri hópum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur



<p>Tvítýngd börn með námskrá og hugmyndir að vinnu</p>	<p>Sérstök námskrá útbúin fyrir hvert tvítýngt barn þar sem listað er upp hvernig er hægt að vinna með málþroska og auka orðaforða, vinna með fjölskyldunni og bæta samskipti og samvinnu</p>	<p>Markviss málörvun fyrir hvert tvítýngt barn. Deildarstarfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um hvernig eigi að vinna með hvert tvítýngt barn. Börnin eru í málörvunarhópum sem sérkennslan sinnir einnig.</p>	<p>Sérkennslustjóri og sérkennarar.</p>	<p>Haust 2023</p>	<p>Verði hluti af vinnulaginu sérkennslunnar og lýkur í raun aldrei</p>	<p>Verði metið með skráningum á málkunnáttu barnanna og samtali við deildarstarfsmenn. Námskrá verður endurskoðuð á 3 mánaða fresti.</p>	<p>Nota TRAS, Hljóm-2 fyrir eldri börn og EFI fyrir börn á þriðja aldursári. Skráningarblöð og námskrárform sem verður útbúið.</p>
--	---	--	---	-------------------	---	--	--



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn á vorönn. Boðað var í samtölin með minnst viku fyrirvara og fékk hver starfsmaður undirbúningsblað frá leikskólastjóra.

Símenntun á síðasta ári.

Eftirfarandi fræðsla var fyrir alla starfsmenn og kennara á Laugasól sl. skólaár:

Ágúst 2022

- kynning á þróunarverkefni barnasáttmálans – leiðin að réttindaskóla, Helga Ingvadóttir leikskólastjóri og Hanna Halldórsdóttir aðstoðarleikskólastjóri.

Október 2022

- Læsi í Laugasól, Margrét Sigurðardóttir leikskólakennari í Laugsól
- Réttindi barna - Um innleiðingu réttinda barna í leikskólastarf. Hrönn Pálmadóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Nóvember 2022

- Skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða Kross Íslands - Á námskeiðinu er lögð áhersla á grunn atriði almennrar skyndihjálpar, svo sem skoðun og mat á ástandi og endurlífgun. Farið er í viðbrögð við algengum slysum og alvarlegum veikindum og hvernig best er að styðja við börnin í slíkum tilfellum.

Febrúar 2023

- Guðrún Sólveig leikskólastjóri og sérfræðingur á SFS – „Í þúfunum“ fyrirlestur.

Apríl 2023 – tveir skipulagsdagar í námsferð skólans til Stokkhólm.

- Kynning og fræðsla um starf í leikskólanum Valvet (Förskolan Valvet)
- Kynning og fræðsla um starf í leikskólanum Luxviken (förskolan Luxviken)
- Fyrirlestur um leik og leikumhverfi barna – Anna-Linda Nesheim leikskólakennari í leikskólanum Valvet.

- Kynning um samstarf við leikskólann Valvet um leik og þátttöku kennarans í leik barna – Eva Hallgren lektor við Stockholm Universitet.
- Fyrirlestur um leik og leikheim barna – Robert Lecusay lektor við Södertörns Högskola.

Námskeið/ráðstefnur/kynningar

- Fjórir kennarar fóru á menntaráðstefnu í Ayr Scotlandi, Sólveig Björg Pálsdóttir kennari í Laugasól (var með erindi á ráðstefnunni) – SERA conference.
- Einn starfsmaður fór á ráðstefnu um hæglátt leikskólastarf – „Þannig týnist tíminn“ á vegum RannUng.
- Einn starfsmaður var í meistaranámi í leikskólakennarafræðum þetta skólaár.

Ýmis námskeið sérkennara/sérkennslustjóra:

- Einn starfsmaður fór á námskeiðið *Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik (0923)* á vegum Ráðgjafar- og Greiningarstöðvar.
- Einn starfsmaður fór á námskeiðið *Skráning og þjálfun (1023)* á vegum Ráðgjafar- og Greiningarstöðvar.
- Þrír starfsmenn fóru á námskeiðið *Náttúruleg kennsla* á vegum Ráðgjafar- og Greiningarstöðvar.
- Þrír starfsmenn fóru á námskeiðið *Tákn Með Tali (TMT)* á vegum Ráðgjafar- og Greiningarstöðvar.
- Þrír starfsmenn fóru á námskeiðið *EFI 2 réttindanámskeið*.
- Einn starfsmaður fór á námskeiðið *Grunnnámskeið tengiliða farsældar* á vegum Barna- og fjölskyldustofu.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Vorum í samstarfi með Laugarlækjaskóla í verkefni um sögugerð.

Laugarnesskóli, Laugarlækjaskóli, Hof og Laugasól héldu Gleðigöngu miðvikudaginn 25.maí og er það í tengslum við Regnbogavottun skólanna. Þetta er samstarf sem mun halda áfram og gangan verður árlegur viðburður framvegis.

Elstu börn Laugasólar fóru í heimsóknir yfir veturinn í Laugarnesskóla og í frístund skólans, Laugasel. Börn frá Laugarnesskóla komu einnig í heimsókn í leikskólann.

Dagskrá skólaársins 2022-2023 – samstarf Laugarnesskóla, Hof og Laugasólar.

- þri. 29. nóvember: Nemendur 5. bekkja heimsækja gamla leikskólann sinn kl. 10:00 og syngja og leika með leikskólabörnunum. Boðið er upp á ávexti í leikskólanum.
- Bókasafnsheimsókn nóv./des. Hafið samband við Vigni á bókasafninu Vignir.
- fim. 12. jan. kl. 9:00 heimsækja nemendur 1. bekkjar gamla leikskólann sinn.
- Janúar/ febrúar: nemendur leikskólanna koma í heimsókn til stjórnenda Laugarnesskóla og fara í skoðunarferð um skólann.
- Mars: bekkjarheimsóknir leikskólabarnanna.
- Apríl – maí – kynning fyrir leikskólana á starfi Laugarsels – gert í leikskólanum af eldri nemendum leikskólanna.
- Maí – Heimsókn leikskólabarna í Laugarsel
- 25. maí - Sameiginleg skruðganga kl. 10. Leikskólarnir og 1. og 2. bekkur
- Maí – Vorskóli fyrir verðandi nemendur í 1. bekk og foreldra

6 Foreldrasamvinna

Foreldráð er starfandi á Laugasól og telur þrjá fulltrúa úr foreldrahópnum. Foreldráð fer yfir starfsáætlanir og kemur að ákvörðunum varðandi sumarlokun leikskólans. Einnig geta ýmis önnur mál komið til foreldraráðs. Stjórnendur Laugasólar sitja fundi með foreldraráði og markmiðið er að funda með foreldraráðinu ekki sjaldnar en einu sinni á hverri önn.

Í stjórn foreldrafélagsins eru starfandi 6 foreldrar. Stjórn foreldrafélagsins ásamt leikskólastjóra funda/eða senda tölvupóst á milli nokkrum sinnum á skólaárinu.

Foreldrafélagið skipuleggur skemmtilegar og fræðandi uppákomur fyrir börnin og styður leikskólann veglega vegna kaupa á námsefni.

Skipulagsdagar og leikskóladagatal

22. ágúst – skipulagsdagur 1.

31. október – skipulagsdagur 2.

24. nóvember – skipulagsdagur 3.

21. febrúar – skipulagsdagur 4.

12. apríl – skipulagsdagur 5.

17. maí – skipulagsdagur 6 (Menntastefnumót).

7 Fylgigögn

7.1 Umsögn foreldraráðs

Umsögn Foreldraráðs um starfsáætlun 2022-2023

Eftir erfiða covid vetur var nýafstaðið skólaár loksins án covidtruflana og skerðinga og það er svo sannarlega fagnaðarefni.

Viðhald á húsnæði og framkvæmdir sem hófust síðasta sumar hafa óneitanlega sett svip sinn á skólastarfið og valdið töluverðum truflunum og raski fyrir bæði börn og starfsfólk. Segja má að starfsfólk Laugasólar hafi að vanda tekist á við það verkefni með stóískri ró og var aldrei hægt að sjá né finna að framkvæmdirnar væru að valda auka álagi eða truflunum þegar foreldrar komu með börnin sín eða sóttu seinnipart dags. Ástandið í framkvæmdunum var tæklað af mikilli yfirvegum og bersýnilega allt lagt í það að börnin finndu sem minnst fyrir neinu raski þessu tengdu. Borgin bauð börnunum í efri húsunum uppá vikulegar rútuferðir til þess að koma til móts við bæði börn og starfsfólk á meðan á framkvæmdunum stóð. Rútuferðirnar slógu virkilega í gegn hjá börnunum enda lagði starfsfólkið mikið metnað í það að finna skemmtilega staði sem hægt var að heimsækja með börnunum. Rútuferðirnar voru þar af leiðandi ekki einungis rútuferðir heldur einstakar ævintýraferðir með námslegu ívafi. Framkvæmdum er hvergi nærri lokið og er hugað að því að frá og með næsta hausti verði efri húsunum lokað á meðan unnið verður að endurnýjun húsanna þar. Útboð um verkið var sett út formlega nýverið. Fyrirhugað er að öll börnin í efra húsinu flytji í Safamýrina ásamt kennurum. Mikil áhersla er á það að börnin fari öll saman á einn stað til þess að valda sem minnstu raski í lífi barnanna. Á fundi í foreldraráði nú í vor mátti heyra að mikill hugur er í fólki og að starfsfólk ætli sér að horfa á þetta sem spennandi áskorun. Það er ekki að finna neina uppgjöf í starfsfólki Laugasólar. Eðlilega hafa verið áhyggjur í foreldrahópnum varðandi þetta allt saman en leikskólastjórnendur hafa lagt sig fram við að halda foreldrum vel upplýstum varðandi framgang mála og skiptir slíkt upplýsingaflæði án efa miklu máli.

Það er ánægjulegt að sjá metnaðinn sem kennarar og starfsfólk laugasólar er að leggja í matarmenninguna á leikskólanum. Það að börnin fái að skammta sér sjálf og upplifa sjálfstæði í matartímum hefur án efa áhrif á upplifun barnanna og eykur áhuga þeirra á ýmisskonar mat. Á sumum deildum hafa eldri börnin fengið tækifæri til þess að æfa sig í því að meta sjálf hversu vel þau borðuðu þann daginn og er það mikilvægur liður í því að börn að fá tækifæri til þess að finna sinn eigin takt þegar kemur að því að neyta matar.

Fyrirkomulagi aðlögunar var breytt síðastliðið haust að því leyti að börnin fá nú lengri tíma sem hefur komið vel út.

Áfram var haldið með Unicef verkefnið og er Laugasól á góðri leið með það að verða réttindaskóli Unicef. Sjálfsefling var eitt af markmiðunum því tengdu og unnið var með barnasáttmálann á öllum deildum leikskólans. Þetta hefur verið gert meðal annars með því að efla börnin í að finna lausnir og benda þeim frekar á það sem þau mega gera en það sem þau mega ekki. Regnbogavottuninni var áfram vel við haldið með ýmsum fróðleik frá starfsfólki sem og frábærri “regnbogaskrúðgögnu” nú í vor. Þetta er einstakt gleðiefni þar sem það er afar mikilvægt að börn séu vel upplýst um fjölbreytileikann. Þetta sýnir jafnframt metnað fyrir því að auka meðvitund um hinsegin börn og foreldra og að fjölbreytileikanum sé fagnað.



Í vetur hefur verið rík áhersla á útiveru og að auðga og gera hana að jákvæðri upplifun fyrir öll börn á leikskólanum með hliðsjón af barnasáttmálanum. Ákveðið var að vera með svokallaða ríkisútiveru fyrir hádegi en að eftir hádegi hefðu börnin val um útiveru. Hér er greinilega verið að horfa í áhugasvið barnanna og efla þau í sjálfstæðri hugsun. Áhersla hefur verið á að skoða veðrið með börnunum og efla þau í því að finna sjálf réttu útifötin hverju sinni og þannig gera þau jákvæðari fyrir því að klæða sig sjálf í útifötin.

Áfram er unnið að því að efla læsi í víðum skilningi, til dæmis með að börnin skrá sig inn og út, bækur eru til sýnis fyrir foreldra til að skoða hvað börnin hafa verið að gera í útiveru. Einnig eru börnin virk í að skrifa stafi, nöfn og fleira þegar þau eru að lita.

Kubbastundir verða áfram fastur liður í skólastarfinu líkt og undanfarin ár. Þetta er ómissandi þáttur í starfinu. Öllum börnum á Laugasól hlakkar til kubbastunda þar sem mikill lærdómur á sér stað. Yngri börnin eru að raða fáum kubbum saman og jafnvel mynda lítil hús á meðan þau eldri tengja saman og búa til stórt byggingarsvæði saman.

Í könnun á starfsánægju skorar Laugasól líkt og liðin ár hátt og má þar helst nefna starfsánægju, stolt, jafnrétti og stjórnun. Þar sem starfar fólk sem er ánægt í sínu starfi má fastlega gera ráð fyrir ánægðum börnum og það gefur okkur foreldrum öryggi að vita að starfsandinn og stjórnun sé góð. Minni ánægja er með vinnuskilyrði sem kemur vissulega ekki á óvart á þessum umbótartímum sem eru að eiga sér stað á Laugasól. En á sama tíma má segja að mikil starfsánægja sé til staðar þrátt fyrir þær framkvæmdir sem nú þegar hafa farið fram og þær sem framundan eru.

Faglegt starf er til fyrirmyndar á Laugasól þar sem þau sækja námskeið, fara í námsferðir en í vor hélt stór hópur starfsfólksins saman til Stokkhólms í námsferð. Þar kynntu starfsmenn sér meðal annars hvernig er hægt að nálgast leik. Það er ljóst að það er mikill metnaður fyrir starfinu.

Við erum stolt að eiga börn á Laugasól og gefum starfsáætlun næsta skólaárs góða umsögn. Með hlýjum kveðjum, Kristín Björg, Lína

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Starfsáætlun 2023 – 2024

Laugasól

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Lína Dögg Ástgeirsdóttir
Kristín Björg Viggósdóttir
Thelma Rún Rúnarsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



